



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um laus pláss í leikskólum**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 27. apríl 2021, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir upplýsingum um það hversu mörg pláss eru laus í leikskólum Reykjavíkur í apríl 2021.*

#### **Svar:**

Samkvæmt stöðumati 15. ágúst 2022 voru þá 200 pláss laus til úthlutunar. Um er að ræða almenna veltu pláss og ný pláss sem eru að opna á næstu vikum.

Reykjavíkurborg rekur 66 leikskóla og á hverjum tíma er einhver hreyfing einstakra barna á þeim öllum þannig að innritun er alltaf í gangi sem og vegna flutninga barna til og frá Reykjavík. Jafnframt er um að ræða ný pláss þegar þau verða tilbúin samkvæmt uppbyggingu leikskóla í borginni.

Úthlutun leikskólapláss fyrir haustið hefur staðið yfir frá því í mars og stendur enn. Allan tímann hafa verið hreyfingar á biðlistum og nýjum börnum boðin pláss eftir kennitölu og vali á leikskóla. Biðlistinn er því síkvikur og heildarstaðan og staðan á einstökum leikskólum getur breyst á milli daga.